

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 15. maí, var haldinn 58. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.37. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Skúli Helgason, Eva Einarsdóttir, Eva Baldursdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Björn Gíslason, Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Helga Björg Ragnarsdóttir, Óskar J. Sandholt og Sandra Dröfn Gylfadóttir. Fundarritari var Theódóra Sigurðardóttir.

Petta gerðist:

1. Lögð fram tillaga Framsóknar og flugvallarvina, dags. 23. janúar 2017, um að halda íbúakosningar samhliða borgarstjórnarkosningum 2018 ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. apríl 2017.
Frestað.

Helga Björk Laxdal tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram ályktun frá ungmennaráðstefnu ungmennafélags Íslands þann 5.-7. apríl 2017 undir yfyrskriftinni Ekki bara framtíðin – Ungt fólk leiðtogar nútímann.
3. Lögð fram úttekt Innri endurskoðunar á stjórnun upplýsingatæknimála – ábendingar til forsætisnefndar, dags. 8. maí 2017, ásamt fylgiskjölum. Umsögn óskast frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Til stendur að yfirfara samþykktir stjórnkerfis- og lýðræðisráðs heildstætt vegna breytinga sem hafa orðið á hlutverki þess sem og í ljósi reynslu af því hvert verksvið þess hefur verið í raun. Ábending Innri endurskoðunar verður höfð til hliðsjónar þegar sú vinna fer fram. Taka má undir að ráðið hefur látið sig upplýsingatæknimál varða, þar sem þau hafa marga snertifleti við hlutverk ráðsins samkvæmt samþykktum, og eðlilegt er að formgera þá vinnu ráðsins með skýrum hætti. Drög að nýjum samþykktum verða send til forsætisnefndar þegar þau eru tilbúin.

4. Fram fer umræða um endurskoðun á samþykkt stjórnkerfis- og lýðræðisráðs dags. 2. september 2014.
5. Lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum ásamt drögum að umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Fundi slitið kl. 14.45

Halldór Auðar Svansson

Skúli Helgason
Eva Baldursdóttir
Herdís Anna Þorvaldsson

Eva Einarsdóttir
Björn Gíslason
Jón Ingi Gíslason